SJÚKÁST

Sjúkást er verkefni á vegum Stígamóta um ofbeldi í nánum samböndum ungmenna. Verkefninu er ætlað að vera forvörn gegn ofbeldi með því að fræða ungt fólk um mörk og samþykki, og hefur verkefnið skapað sér sess í forvarnastarfi skóla og félagsmiðstöðva. Við hverja herferð senda Stígamót plaköt og annan varning á alla framhaldsskóla og félagsmiðstöðvar landsins, með ósk um að kynna efnið fyrir hverjum nemendahópi. Hægt er að nálgast fleiri veggspjöld á Stígamótum (einnig frá eldri herferðum). Á ári hverju setjum við saman myndrænan fræðslupakka á glæruformi sem starfsfólk skóla og félagsmiðstöðva er velkomið að nýta við að fræða sinn nemendahóp um ofbeldi og óheilbrigð samskipti í samböndum. Stígamót bjóða áhugasömu starfsfólki árlega upp á þjálfun í Sjúkást-fræðslu.

Innihald fræðslupakkans 2022

- Glærusýning með fræðsluefni fyrir framhaldsskóla – kennsluleiðbeiningar í notes.
- Glærusýning án bakgrunns, hentar vel fyrir t.d. nemendur sérnámsbrauta – kennsluleiðbeiningar í notes.
- Handrit að glærusýningunni á PDF.
- Auglýsing fyrir nýjustu viðbót Sjúkast; Sjúktspjall. Nafnlaust netspjall fyrir unglinga til að ræða hin ýmsu mál í samböndum og samskiptum við ráðgjafa Stígamóta.
- Auglýsingin bútuð í þrjá hluta sem henta í story á Instagram.
- Sjúktspjall logo og GIF.
- Veggspjöld herferðarinnar (5 útgáfur) á formi sem hentar annars vegar í feed á Instagram og hins vegar í story.
- Hagnýtar upplýsingar um Sjúktspjall á formi sem hentar annars vegar í feed á Instagram og hins vegar í story.

Á heimasíðunni www.sjukast.is, Instagram-reikningnum *sjuk.ast* og Facebook-síðunni *Sjúk ást* eru gagnlegar upplýsingar um sambönd, ofbeldi og óheilbrigð samskipti. Á heimasíðunni er bæði hægt að þreyta þekkingarpróf varðandi hvenær samskipti eru heilbrigð eða óheilbrigð, og sjálfspróf um eigið ástarsamband og vonandi öðlast þannig dýpri skilning á eigin hegðun, sem og framkomu makans.

Endilega hafðu samband ef vakna spurningar.

Bestu kveðjur,
Eygló Árnadóttir
Verkefnastýra fræðslu og forvarna Stígamóta
eyglo@stigamot.is